

Priðjudaginn 10. október 2000.
 Nr. 378/2000. **Lögreglustjórinn í Reykjavík**
 (Katrín Hilmarsdóttir fulltrúi)

gegn

X

(Hilmar Ingimundarson hrl.)

Kærumál. Gæsluvarðhald, 2. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991.

Talið var að sterkur grunur væri kominn fram um að X hefði framið manndráp og þótti verknaður sá, sem X var grunuð um, vera þess eðlis að gæsluvarðhald væri nauðsynlegt með tilliti til almannahagsmuna. Var staðfest niðurstaða héraðsdóms um að X skyldi sæta gæsluvarðhaldi samkvæmt 2. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason, Gunnlaugur Claessen og Markús Sigurbjörnsson.

Varnaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 6. október 2000, sem barst réttinum ásamt kærumálgögnum 9. sama mánaðar. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 3. október 2000, þar sem varnaraðila var gert að sæta gæsluvarðhaldi allt til þriðjudagsins 14. nóvember nk. kl. 16. Kæruheimild er í 1. mgr. 142. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála. Varnaraðili krefst þess aðallega að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi, en til vara að gæsluvarðhaldi verði markaður skemmri tími.

Sóknaraðili krefst þess að úrskurður héraðsdómara verði staðfestur.

Með vísan til forsendna hins kærða úrskurðar verður hann staðfestur.

D ó m s o r ð :

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 3. október 2000.

Lögreglustjórinn í Reykjavík hefur krafist þess að X, [...], en nú gæslufangi, verði gert að sæta áfram gæsluvarðhaldi allt þar til dómur gengur í máli hennar, þó ekki lengur en til þriðjudagsins 14. nóvember nk. kl. 16.00.

[...]

Kærða hefur hjá lögreglu og fyrir dómi kannast við að hafa lent í átökum við M að [...], sunnudaginn 23. júlí sl. en telur að þau átök hafi ekki leitt til dauða hans. Í málinu liggja fyrir skýrslur vitna af átökum kærðu og M sem hafa borið að kærða hafi ráðist á hann og tekið um hálsmál hans og í hálsbindi og snúið upp á bindið. Í niðurstöðu krufningarskýrslu Þóru S. Steffensen réttarmeinafræðings er talið að M hafi látist af völdum kyrkingar og um manndráp sé að ræða.

Fyrir liggur samkvæmt greinargerð lögreglustjórans í Reykjavík og rannsóknargögnum að rannsókn málsins er vel á veg komin. Gögn málsins bera með sér að fyrir hendi sé sterkur grunur um að kærða hafi framið afbrot, sem varðað getur við 211. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Brot á því ákvæði getur varðað allt að ævilöngu fangelsi. Samkvæmt framansögðu telst vera fullnægt því skilyrði 2. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991 að nauðsynlegt sé, með tilliti til almannahagsmuna, að kærða sæti áfram gæsluvarðhaldi. Er því krafa lögreglustjórans í Reykjavík um framlengingu gæsluvarðhalds tekin til greina eins og nánar greinir í úrskurðarorði. Ekki eru efni til að marka gæsluvarðhaldi skemmri tíma en krafist er.

Eggert Óskarsson héraðsdómari kvað upp úrskurðinn.

Ú r s k u r ð a r o r ð :

Kærða, X, sæti áfram gæsluvarðhaldi, allt þar til dómur gengur í máli hennar, þó eigi lengur en til þriðjudagsins 14. nóvember nk. kl. 16.00.
